



Slysatrygging skólabarna Hópvátrygging

Vátryggingarskilmálar nr. SS40

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. SS40.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Hugtakið slys
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Skyldur vátryggingartaka
7. Greiðsla iðgjalds
8. Endurgreiðsla iðgjalds
9. Vátryggingarfjárhæð
10. Ákvörðun bóta
11. Breyting á skilmálum á vátryggingartímabili
12. Framsal
13. Upphaf og lok vátryggingarverndar vátryggðs
14. Fyrning

1. Vátryggður

- 1.1 Allir skólanemendur sem eru skráðir í grunnskóla, leikskóla, dagskóla, á sumarnámskeið og á gæsluleikvelli eru sjálfkrafa vátryggðir, enda séu þessar stofnanir reknar af sveitarfélagi, einu eða í samvinnu við aðra. Aldur skólabarnsins skiptir ekki máli.
- 1.2 Vátryggður getur ekki gert fyrirvara um þátttöku í vátryggingu þessari.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á venjulegum skólatíma og á öðrum starfstíma sem ákvarðaður er af stjórnendum skóla og stofnana sem tilgreindar eru í gr. 1.1. Vátryggingin gildir í eða við þessar stofnanir, á leið að þeim til eða frá heimili og á ferðalögum innanlands á vegum þeirra, hvert sem farið er og í hvaða skyni sem er.

3. Hugtakið slys

Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.

4. Bótasvið

- 4.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, hvernig svo sem slysið ber að, hver svo sem á sök á því og hvort sem slysið verður við nám eða leik, ef það leiðir til:

4.1.1 Andláts.

4.1.2 Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.

- 4.2 Félagið greiðir slysakostnað vegna slyssins, þ.á m. kostnað vegna tannbrots. Slysakostnaður er eingöngu greiddur að því marki sem hann fæst ekki greiddur hjá Tryggingastofnun ríkisins.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Skyldur vátryggingartaka

- 6.1 Vátryggingartaki skal halda skrá yfir vátryggð skólabörn.
- 6.2 Vátryggingartaki skal sjá til þess án ástæðulauss dráttar að vátryggð skólabörn (forsjarmenn vátryggðra skólabarna) fái afrit af vátryggingarskírteini, skilmálum þessum og sameiginlegum skilmálum félagsins.
- 6.3 Vátryggingartaki skal senda vátryggðum (forsjarmönnum vátryggðra skólabarna) skriflega tilkynningu um brottfall vátryggingar um leið og skólabarnið fellur ekki lengur undir vátryggingaverndina.



7. Greiðsla iðgjalds

- 7.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist. Iðgjaldið skal greitt af váttryggingartaka.
- 7.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 96. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en vá-tryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggingar-taki hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi.

9. Váttryggingarfjárhæð

- 9.1 Hámarksfjárhæðir vegna andláts, örorku og slysakostnaðar koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 9.2 Váttryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs.

10. Ákvörðun bóta

- 10.1 Dánarbætur
- 10.1.1 Látist váttryggður vegna afleiðinga slyss innan eins árs frá slysdagi greiðast dánarbætur á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdagi að frádregnum bótum sem félagið kann að hafa greitt váttryggðum fyrir varanlega örorku vegna sama slyss.
- 10.1.2 Ef váttryggður deyr af völdum slyss, þegar meira en ár er liðið frá slysdagi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast örorkubætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati, þó aldrei hærrí fjárhæð en dánarbætur mundu hafa verið.
- 10.1.3 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök að andláti váttryggðs. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem váttryggingin nær til.
- 10.1.4 Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.
- 10.2 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

- 10.2.1 Valdi slys váttryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar váttryggingarfjár-hæðar sem var í gildi á slysdagi.
- 10.2.2 Örorkuna skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig, sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slyss sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til að ástand váttryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Vegna 100% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku greiðist öll váttryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega. Örorkan getur aldrei talist meiri en 100%.
- 10.2.3 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist örorkan hlutfallslega. Ef útlímir eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorkan hlutfallslega.
- 10.2.4 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.
- 10.2.5 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar lækni telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.
- 10.2.6 Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og váttryggður eða forsjármaður hans koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
- 10.3 Bætur vegna tannbrots
- 10.3.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys.
- 10.3.2 Greiðsla félagsins takmarkast við 5% af grunn-váttryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á hverju váttryggingartímabili við 7,5% af sömu fjárhæð.
- 10.3.3 Félagið bætir þó ekki tennur sem brotna þegar váttryggður matast.
- 10.4 Félaginu er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða váttryggðan.



10.5 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs að fengnu samþykki hans eða forsjármanns hans.

11. Breyting á skilmálum á váttryggingartímabili

Félaginu er heimilt að breyta skilmálum þessum á váttryggingartímabili, sbr. 133. gr. laga um váttryggingar-samninga nr. 30/2004.

12. Framsal

Váttryggður eða forsjármaður hans má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum.

13. Upphaf og lok váttryggingarverndar váttryggðs

13.1 Ábyrgð félagsins gagnvart váttryggðum hefst þegar hann hefur verið skráður í grunnskóla, dagskóla, á sumar-námskeið eða á gæsluleikvelli á vegum váttryggingar-taka.

13.2 Váttryggingin fellur niður gagnvart váttryggðu skólabarni 14 dögum eftir að váttryggingartaki

sendi skriflega tilkynningu um brottfall hennar og í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að váttryggt skólabarn hætti í grunnskóla, leikskóla, dagskóla, á sumarnámskeiði eða gæsluvelli á vegum váttryggingartaka, sbr. 131. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

13.3 Ef váttryggingunni er sagt upp, hún ekki endurnýjuð eða fellur úr gildi vegna vanskila váttryggingartaka, fellur hún úr gildi gagnvart váttryggðum einum mánuði eftir að félagið sendi tilkynningu til váttryggðs um brottfall hennar.

14. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburður varð.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.